



RÁÐNINGARSAMNINGUR

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum þann xxxx, að ráða Íris Róbertsdóttur, kt. 110172-5169, til heimilis að Búhamri 70, Vestmannaeyjum, í starf bæjarstjóra Vestmannaeyja frá 3. júní 2026 til loka kjörtímabils 2030.

Í framhaldi af því hafa aðilar gert með sér svofelldan ráðningarsamning.

1. gr.

Bæjarstjóri fer með störf framkvæmdastjóra bæjarfélagsins og annast þau störf sem honum eru falin samkvæmt sveitarstjórnarlögum, samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar og öðrum samþykktum bæjarráðs og bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

2. gr.

Grunnlaun bæjarstjóra fyrir dagvinnu nema 826.344 kr., auk 65 klst. á mánuði sem heildargreiðslu fyrir ómælda yfirvinnu á vegum Vestmannaeyjabæjar og stofnana, sbr. 6. kafla 3. gr. Grunnlaun og greiðslur vegna yfirvinnu skulu taka sömu almennu launabreytingum og verða hjá starfsfólki Vestmannaeyjabæjar á gildistíma ráðningarsamnings þessa.

3. gr.

Bæjarstjóri skal jafnframt fá greitt mánaðarlega sömu þóknun og kjörnir aðalfulltrúar í bæjarstjórn, bæjarráði og ráðunum fjórum sem mynda meginhluta stjórnkerfis Vestmannaeyjabæjar og stofnana. Heildarþóknun fyrir ofangreint er samtals 40 grunneiningar á mánuði. Grunneining nemur kr. 20.844

4. gr.

Bæjarstjóri skal fá greiddan bifreiðastyrk fyrir afnot af eigin bifreið í þágu starfs síns. Bifreiðastyrkur skal nema 950 km. á mánuði og skal greiðslan vera í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

5. gr.

Ferðakostnaður og annar kostnaður bæjarstjóra vegna erinda á vegum Vestmannaeyjabæjar og stofnana skal greiddur af bæjarsjóði að framlögðum reikningum.

6. gr.

Vestmannaeyjabær leggur til og greiðir allan afnotakostnað af farsíma bæjarstjóra og sama gildir um afnotagjöld vegna tölvutenginga og heimasíma á heimili bæjarstjóra, enda notar bæjarstjóri ofangreindan tækjabúnað vegna starfa sinna sem bæjarstjóri.

7. gr.

Bæjarstjóri hefur heimild til að stunda endurmenntun og starfsengt nám svo fremi sem slíkt skarast ekki við störf eða skyldur bæjarstjóra skv. 1. gr. þessa samnings. Vestmannaeyjabær greiðir í slíkum tilvikum námskeiðsgjöld og kostnað við námsgögn hlutaðeigandi námskeiða.

8. gr.

Vestmannaeyjabær tryggir og greiðir iðgjöld vegna slysa- og sjúkratrygginga bæjarstjóra.

9. gr.

Vestmannaeyjabær greiðir 11,5% lífeyrissjóðsframlag atvinnurekenda af heildarlaunum bæjarstjóra í samtryggingarsjóð sem bæjarstjóri vísar á. Á sama hátt greiðir bæjarstjóri 4% framlag af sama launastofni til sama lífeyrissjóðs.

Vestmannaeyjabær greiðir einnig 2% framlag í viðbótarlífeyrissparnað af sama launastofni gegn a.m.k. jafnháu framlagi bæjarstjóra.

10. gr.

Komi til þess að bæjarstjóri segi upp störfum eða verði sagt upp störfum á ráðningartímanum, eða hann ekki endurráðinn að loknu ráðningartímabilinu, skal Vestmannaeyjabær greiða honum laun skv. 2. og 3. gr. ráðningarsamnings þessa í sex mánuði.

Af fyrrgreindum sex mánuðum skuldbindur Íris Róbertsdóttir sig til að gegna starfi bæjarstjóra í allt að tvo mánuði, sé þess óskað af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyja, enda haldi bæjarstjóri þá óskertum launum og öðrum hlunnindum sínum skv. ráðningarsamningi þessum á því tímabili. Áunnið orlof bæjarstjóra við starfslok skal gert upp sérstaklega, en ekki er greitt orlof af þeim hlut sex mánaða tímabilsins sem eru biðlaun án vinnuskyldu.

Við starfslok skal sími, tölva og annar sá búnaður er starfsmaður hefur haft til sérafnota verða eign hans.

11. gr.

Varðandi orlof og veikindarétt vísast til ákvæða gildandi kjarasamninga Vestmannaeyjabæjar og STAVEY. Orlof af grunnlaunum fyrir dagvinnu og fastri yfirvinnu er tekið í orlofsdögum.

Vestmannaeyjum, 3. júní 2026

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja

Forseti bæjarstjórnar

Íris Róbertsdóttir